

**Gjaldskrá fyrir sjúkraþjálfun 1. janúar 2019**

Skv. reglugerð um greiðsluþátttöku og rammisamningi um sjúkraþjálfun

Sjúkratryggðir greiða 90% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um sjúkraþjálfun. Veita má sjúkratryggðum sjúkraþjálfun án beiðni, **að hámarki 6 skipti á ári**. Í almanaksmánuði greiðir sjúkratryggður að hámarki 26.100 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki 4.350 kr.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 90%	Almenn, þung og heimameðferð 90%	Einföld meðferð / Hópmeðf I 90%	Hópameðferð II 90%
Alm	6.591	6.100	4.213	2.817
30 ECTS	6.756	6.253	4.319	2.888
60 ECTS	6.921	6.405	4.424	2.958
Sérfr.	7.250	6.710	4.635	3.099

Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um sjúkraþjálfun. Veita má sjúkratryggðum sjúkraþjálfun án beiðni, **að hámarki 6 skipti á ári**. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki 17.400 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki 2.900 kr.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 60%	Almenn, þung og heimameðferð 60%	Einföld meðferð / Hópmeðf I 60%	Hópameðferð II 60%
Alm	4.394	4.067	2.809	1.878
30 ECTS	4.504	4.168	2.879	1.925
60 ECTS	4.614	4.270	2.949	1.972
Sérfr.	4.834	4.473	3.090	2.066

Börn 2ja-17 ára greiða ekkert gjald fyrir þjálfun gegn framvísun beiðni, annars greiða þau 30% af gjaldi sjúkratryggðra.

Börn yngri en 2ja ára og börn með umönnunarmat greiða ekkert fyrir þjálfun. Börn með sama fjölskyldunúmer teljast sem einn einstaklingur og greiða börn sömu fjölskyldu 17.100 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu að hámarki í hverjum almanaksmánuði og 2.900 kr. að lágmarki.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 30%	Almenn, þung og heimameðferð 30%	Einföld meðferð / Hópmeðf I 30%	Hópameðferð II 30%
Alm	2.197	2.033	1.404	939
30 ECTS	2.252	2.084	1.440	963
60 ECTS	2.307	2.135	1.475	986
Sérfr.	2.417	2.237	1.545	1.033

*Þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölværka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

** Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan sjúkraþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

*** Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal sjúkraþjálfari vera með þeim allan tímann.

**** Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal sjúkraþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild.